



82. Fundur bæjarráðs Blönduóssbæjar
fimmtudaginn, 29. apríl, 2004, kl. 17:30 á skrifstofu bæjarins.

Formaður bæjarráðs, Valdimar Guðmannsson, setti fund og stjórnáði honum. Bæjarstjóri ritaði fundargerð. Mæting skv. undirskriftum.

Dagskrá:

1. Formaður sóknarnefndar Blönduósskirkju mætir til viðræðna.
2. Bréf frá framkvæmdastjóra Veiðimálastofnunar.
3. Bréf frá nemendum við HÍ.
4. Bréf frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.
5. Bréf frá félagsmálaráðuneyti.
6. Fundargerð Héraðsnefndar A-Hún.
7. Boðun á aðalfundi
 - a. Vilko ehf.
 - b. Reiðhallarinnar Arnargerðis ehf.
 - c. Norðuróss ehf.
 - d. Boð á aðalfund Tækifæris hf.
8. Önnur mál.

Afgreiðslur:

1. **Formaður sóknarnefndar Blönduósskirkju mætir til viðræðna.**

Mættir eru til viðræða um opinber gjöld Blönduósskirkju, Jón Sverrisson, formaður sóknarnefndar og sr. Sveinbjörn R. Einarsson, sóknarprestur. Fóru þeir yfir fjárhagsstöðu kirkjunnar, skuldastöðu við Blönduóssbæ, tekjur og gjöld og svöruðu fyrirspurnum fundarmanna. Viku þeir af fundi kl. 18:00.

Bæjarráð samþykkir beiðni formanns og sóknarprests með að gjöld verði felld niður og er bæjarstjóra falið að koma með drög að samningi þar að lútandi.

2. **Bréf frá framkvæmdastjóra Veiðimálastofnunar.**

Bæjarstjóri hefur ritað Veiðimálastofnun bréf þar sem farið er fram á álit stofnunarinnar á því að á Blönduósi rísi ullarþvottastöð, með tilliti til áhrifa frárennslis á lífríki í Blöndu. Í svarbréfi Sigurðar Guðjónssonar, framkvæmdastjóra Veiðimálastofnunar er rakinn ferill meðhöndlunar frárennslis byggt á gögnum frá fyrri staðsetningu. Fullyrðir hann að auðvelt sé að gera frárennslisvatn óskaðlegt með réttri meðhöndlun í umsjá fagaðila. Leggur hann til að bæjarfélagið geri þá kröfu á fyrirtækið að öllum skilyrðum verði fullnægt þannig að ekki gæti áhrifa á fiskigengd.

Bæjarráð tekur undir orð framkvæmdastjórans og er bæjarstjóra falið að setja sig í samband við hlutaðeigandi og sjá til þess að umræddar kröfur fari inní starfsleyfi ullarþvottastöðvar þannig að enginn skaði verði af enda liggja mikil verðmæti í veiðiánni.



3. Bréf frá nemendum við HÍ.

Sótt er um styrk að upphæð kr. 330.000,- til að vinna verkefni á vegum HÍ til að fjármagna gerð heimildamyndar um ímyndarsköpun bæjarfélaga. Bæjarráð hafnar erindinu.

4. Bréf frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

Í erindi Jöfnunarsjóðs er minnt á reglur er gilda um fjárhagslega aðstoð sjóðsins nr. 295/2003. Jafnframt er bent á í tengslum við "Átak til eflingar sveitarstjórnarstigsins" heimildir til viðbótarframlaga í kjölfar sameiningar sveitarfélaga. Lagt fram til kynningar.

5. Bréf frá félagsmálaráðuneyti.

Félagsmálaráðuneytið efnir í samvinnu við SSNV til námskeiðs um félagsþjónustu sveitarfélaga á Blönduósi 12. maí nk. kl. 10:00-15:30. Námskeiðið er ætlað sveitarstjórnarmönnum, fulltrúum og starfsmönnum félagsmálanefnda.

6. Fundargerð Héraðsnefndar A-Hún.

Lögð fram til kynningar fundargerð Héraðsráðs A-Hún frá 20. apríl sl.

7. Boðun á aðalfundi

- a. **Vilko ehf.** Haldinn 29. apríl.
- b. **Reiðhallarinnar Arnargerðis ehf.** Haldinn 6. maí nk.
- c. **Norðuróss ehf.** Haldinn 7. maí nk.
- d. **Boð á aðalfund Tækifæris hf.** Haldinn 5. maí nk.

Fulltrúar bæjarráðs sækja ofangreinda funi.

9. Önnur mál.

a. Snyrtiaðstaða í Brautarhvammi. *Bæjarstjóri lagði fram yfirlýsingu frá Hilmarí Kristjánssyni, Trésmiðjunni Stíganda ehf. og Lárusi Jónssyni, Kráki ehf. sem unnin er í samráði við bæjartæknifræðing vegna byggingu snyrtiaðstöðu í Brautarhvammi. Fram kemur að lækka megi byggingarkostnað um sem nemur 2,5 mkr með ýmsum breytingum og að felldir verði út einstaka verkþættir. Bæjarráð leggur til að fyrirhuguðum framkvæmdum vegna snyrtiaðstöðu í Brautarhvammi verði frestað um eitt ár, þ.e. að húsið verði tilbúið til notkunar næsta vor. Lagt er til að hönnun hússins verði að fullu lokið skv. tillögum sem fram koma í ofangreindri yfirlýsingu. Gerður verði skriflegur samningur við verktaka um verð og skilafrest hússins við fyrstu hentugleika.*



b. Ágúst Þór Bragason lagði fram eftirfarandi tillögur:

“Bæjarfulltrúar D-listans leggja fram svohljóðandi tillögur til hagræðingar á rekstri bæjarsjóðs og stofnanna. Jafnframt því er lagt til að Blönduósbær marki sér starfsmannastefnu. Tillögurnar eru í 8 sjálfstæðum tillögum og óskað er eftir því að hver þeirra verði borin upp sjálfstætt á bæjarstjórnarfundi.”

1. Tillögur um breytingar á stjórnarsýslu og starfsmannahaldi:

Tillaga a) Gerðar verði breytingar á samþykktum Blönduóssbæjar sem fela í sér að bæjarráð verði lagt niður og bæjarstjórn annast þau störf. Skipuð verði sérstök atvinnumálanefnd sem leggur fram árlega stefnumörkun í atvinnumálum til staðfestingar í bæjarstjórn og þar með enn markvissari vinnu í þeim málaflokki.

Tillaga b) Stöður húsvarða í grunnskóla og íþróttamiðstöð verði sameinaðar. Dregið verði úr vöktum húsvarðar og hann stýri starfsmönnum í íþróttahúsi og skólalíðum grunnskólans. Með þessari aðgerð er verið að ná fram skýrari stjórnun gagnvart þeim starfsmönnum og betri nýtingu á ársgrundvelli.

Tillaga c) Unnið verði að breytingum á starfssemi Brunavarna í samvinnu við starfsmenn brunavarna. Komi til breytinga á starfsmannahaldi verði kannaðir kostir þess að taka upp verktöku á Brunavörnum og kostnaður festur. Þar sem verkefni Brunavarna er samstarfsverkefni þarf að nást um það samkomulag milli eignaraðila.

Tillaga d) Starfssemi skrifstofu verði endurskoðuð. Kannað verði með kosti þess að kaupa út einstaka verkþætti eins og t.d. launavinnslu og útskrift reikninga enda verði um að ræða hagkvæmari lausnir en felast í ráðningu starfsmanns. Úttektir og eftirlit verði keypt út.

Tillaga e) Starfssemi þjónustumiðstöðvar og vinnuskóla verði samþætt. Skilgreint verði hvaða verk eigi að kaupa út. Lagt verði mat á hvert eigi að vera umfang starfssemi áhaldahúss ásamt nauðsynlegum tækjabúnaði.

2. Tillögur um breytingar á kaupum á vörum og þjónustu:

Tillaga f) Ákvörðun um kaup á þjónustu sé í höndum yfirmanna. Unnið verði að því að finna hagkvæmstu kosti í þjónustukaupum og þess gætt að umfang og kostnaður rýmist innan þeirra áætlana sem lagt er af stað með. Meginreglur verði þessar:

1. Í öll verkefni og þjónustu yfir 750.000 krónum verði leitað eftir tilboðum. Bæjarstjórn ákveði hvort viðhafi skuli opið eða lokað útboð.
2. Ákvörðun um ráðningar starfsmanna heyra undir bæjarstjórn og þarf heimild hennar til þess að auglýsa lausar stöður. Ráðningasamningar allra starfsmanna verða að hljóta staðfestingu bæjarstjórnar.
3. Unnar verða verklagsreglur fyrir yfirmenn um afgreiðslur og úrlausnir mála. Falli þær innan þess ramma eru þær afgreiddar viðkomandi yfirmönnum. Verklagsreglurnar eru settar af bæjarstjórn og eru endurskoðaðar á 2 ára fresti.
4. Innkaup deilda verða samþætt og þannig verði þess gætt að ná fram ýrtruðu hagkvæmni í innkaupum.

Áætlað er að framlagðar tillögur muni skila bæjarsjóði 8-9 milljóna sparnaði á ársgrundvelli. Sparnaður ársins 2004 gæti orðið 3-4 milljónir.

3. Tillaga um starfsmannastefnu Blönduóssbæjar:

Tillaga g) Bæjarstjórn Blönduóssbæjar samþykkir meðfylgjandi starfsmannastefnu Blönduóssbæjar. Starfsmannastefnan tekur til stefnu bæjarstjórnar í málefnum starfsmanna sveitarfélagsins. Í henni koma fram markmið og gildi sveitarfélagsins auk þess sem þar er tekið á álitafnum sem hugsanlega kunna að koma upp og þess gætt að brugðist sé við með samræmdum hætti.

4. Samþætting við núverandi skipurit:

Tillaga h) Þar sem tillögur b), c), d) og e) skarast á við þær tillögur sem samþykktar voru á síðasta bæjarstjórnarfundi samþykkir bæjarstjórn að falla frá uppsögnum starfsmanna og taka upp viðræður um breytingar á störfum þeirra sem umræddar tillögur taka til.

*Ágúst Þór Bragason
Auðunn Steinn Sigurðsson*



c. Fyrirspurn frá Ágústi Þór Bragasoni: "Hversu mörgum starfsmönnum verður sagt upp nú um mánaðarmót í tengslum við nýsamþykktar skipulagsbreytingar?" Bæjarstjóri tjáði að 6 starfsmönnum yrði sagt upp en þeim yrði öllum boðin endurráðning.

d. Útboð vegna grassláttis og áburðargjafar á opnum svæðum í Blönduóssbæ 2004-2005. Tilboð voru opnuð 28. apríl sl. frá eftirfarandi aðilum:

Júlíus B. Líndal..... kr. 5.645.688,-
Sorphreinsun Vilhelms Harðarsonar ehf.....kr. 8.053.226,-
Frávikstilboð Sorphreinsunarinnar
ef samningur er til 3ja ára.....kr. 7.425.961,-
Kostnaðaráætlun byggingarfulltrúa.....kr. 2.876.788,-

Bæjarráð felur byggingarfulltrúa og bæjarstjóra að leggja fram gögn á næsta fundi bæjarstjórnar sem sýnir kostnað síðasta árs við grasslátt og áburðargjöf sem og fjárfestingar sem ráðist þyrfti í ef ekki yrði um útboð að ræða.

**Fundargerð upplesin og samþykkt.
Fundi slitið kl. 19:30.**

Ágúst Þór Bragason (sign.)
Hjördís Blöndal (sign.)
Valdimar Guðmannsson (sign.)

Jóna Fanney Friðriksdóttir (sign.)